Bókunarhlekkur


Síðast uppfært 02/09/2026 4:00 pm BST

Bókunarhlekkur beinir viðskiptavinum þínum beint inn á bókunarsíðuna þína á Noona. Það getur verið sniðugt að nota bókunarhlekkinn til að deila með viðskiptavinum á þínum miðlum.

Þú getur verið með bæði bókunarhlekk að prófílnum þínum en einnig að einstaka þjónustum.


Hvar finn ég bókunarhlekkinn að prófílnum mínum?

1. Þú byrjar á því að fara í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu.
2. Skrollar niður og smellir á **Stillingar.**
3. Skrollar niður þangað til þu finnur **Netbeiðnir -> Sýnileiki.**
4. Ferðu undir **Vefslóð.**
5. Afritar bláu vefslóðina sem birtist þar undir og bætir henni við á þína miðla.




Hvar finn ég bókunarhlekkinn að tilteknum þjónustum?

1. Þú byrjar á því að fara í **Valmyndina.**
2. Smellir síðan á **Þjónustur** sem eru undir **Skipulag.**
3. Þar semllir þú á þjónustuna sem þu vilt sækja hlekkinn að.
4. Undir **Netbeiðnir** getur þú **afritað hlekkinn** að þessari þjónustu



Þá opnast sér bókunarsíða fyrir þessa þjónustu sem þú getur sent viðskiptvinum.

Við mælum eindregið með að vera með mynd og lýsingu á þjónustunni þegar þú sendir þeim hlekkinn. Þú getur bætt því við undir þjónustunni -> **Netbeiðnir.**



Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur ? Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbúbbluna eða á netfangið hq@noona.is.